

Afbrotatölfræði 2019

1. janúar—31. desember 2019

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórinn

<http://www.logreglan.is>

Útgefið í ágúst 2020



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	5
Aðferðir og gögn.....	6
Heildarfjöldi afbrota á Íslandi	7
Fjöldi brota miðað við íbúafjölda.....	8
Magn fíkniefna	9
Heildarfjöldi brota á Íslandi, allir helstu flokkar árin 2016-2017.....	10
Viðauki I: Lögregluembættin á landakorti.....	11

Helstu niðurstöður

- Hegningalagabrotum fjölgað um 3% milli ára og um 6% sé litið til meðaltals árin 2016-2018.
 - ◆ Auðgunarbrot voru 2% fleiri 2019 en að meðaltali síðustu þriggja ára á undan.
 - ◆ Þjófnaðir og innbrot eru stærsti hluti auðgunarbrotanna. Innbrotin voru 1.161 sem jafngildir um þremur brotum á dag og voru brotin 3% fleiri en síðustu þrjú ár á undan. Aðrir þjófnaðir voru 3.476 sem jafngildir um 10 slíkum brotum á dag (9,5 brot). Brotin voru 6% fleiri en árið á undan en svipað mörg og að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (-1%). Fjársvikum hefur fjölgað frá ári til árs síðastliðin ár og munar þar mestu um fjölgun netbrota, þ.e. Tilfellum þar sem fjármunum er aflað á netinu með ólöglegum hætti, bæði í viðskiptum við einstaklinga og fyrirtæki. Fjársvikum hefur fjölgað um 27% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Þá voru rán 54 talsins árið 2019. Rán hafa verið að meðaltali í kringum 50 á ári síðastliðin 10 ár, en árið 2018 voru þau óvenju mörg eða 77.
 - ◆ Brot gegn friðhelgi einkalífs voru 920 sem er sambærilegt við meðaltal þriggja síðustu ára. Um 506 brot, eða 55% brotanna voru hótanir sem er jafnt stórt hlutfall og var árið 2018.
 - ◆ Brot gegn valdstjórninni og brot þar sem lögreglumanni er tálmað að sinna starfi sínu eða fyrirmælum lögreglu er ekki hlýtt voru 512. Slík brot voru óvenju mörg árið 2018 eða 527 en voru 435 að meðaltali síðastliðin þrjú ár. Stærstur hluti brotanna fellur undir „fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt“ eða 265 brot, eða 52%. Næst flest falla undir „ofbeldi gagnvart lögreglumanni“ og voru þau 97, sem eru færri brot en árið á undan en þó 11% fleiri en meðaltalið síðustu þrjú ár.
 - ◆ Skjala- og peningafals voru um 10% fleiri en árið á undan og 33% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Mest aukning á tímabilinu hefur verið á fölsuðum skilríkjum.
 - ◆ Eitt manndráp var framið árið 2019. Þá voru tilraunir til manndráps tvær og stórfelldar líkamsárásir 97 sem eru færri slík brot en árið á undan. Á heildina litið fækkaði ofbeldisbrotum milli ára en þó var aukning í einum flokki, heimilisofbeldi, þ.e. „endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu eða velferð fjölskyldumeðlims (218b, 1. og 2.)“, fór úr 73 brotum í 87.
- **Sérrefsilagabrotum** hefur fjölgað ár frá ári síðustu fimm ár. Mjög margir ólíkir brotaflokkar falla undir sérrefsilagabrot en fíkniefnabrot eru stærsti undirflokkurinn og eru þau um 35% allra sérrefsilagabrotanna árið 2019. Þegar rýnt er nánar í aðra flokka en fíkniefnabrot má sjá t.d. að brot gegn vopnalögum voru 523 árið 2019, en 484 árið á undan (↑8%). Þá voru brot gegn lyfjalögum 432 árið 2019 og en árið þar á undan voru brotin 369 (↑17%). Brotum sem féllu undir „tollalög, ólöglegur innflutningur“ hefur fjölgað frá ári til árs og voru 283 talsins, en árið 2018 voru þau 218 (↑30%). Þá voru brot gegn barnaverndarlögum 233 sem eru 17% fleiri brot en árið á undan, þá voru brotin 200.
- **Umferðarlagabrot** voru 75.071 og voru þau 4% færri en árið á undan. Hraðakstursbrot eru langstærsti brotaflokkurinn eða yfir 54 þúsund brot sem jafngildir 76% allra umferðarlagabrotanna. Þegar umferðarlagabrot eru skoðuð niður á íbúa má sjá að flest umferðarlagabrot á íbúa eru á Norðurlandi vestra og Vesturlandi (9.818 og 5.584), í báðum þessum embættum fækkaði umferðarlagabrotum milli ára, um 5% á Norðurlandi vestra og um 15% á Vesturlandi. Umferðarlagabrotum fjölgaði í fimm embættum (10-39%) en hlutfallslega var mest fjölgun í embætti lögreglunnar á Suðurlandi (39%).
- **Magn fíkniefna** má finna í töflu 2. Þar má sjá að þegar á heildina er litið var mest haldlagt af kannabisefnum, þ.m.t. maríjúana. Haldlögð voru rúm 40 kg af kókaíni sem er mun meira en verið hefur síðustu ár, sem og rúm 55 kg af amfetamíni sem einnig er mun meira en árin á undan.
- Þegar fjöldi brota er skoðaður eftir íbúafjölda og lögregluembættum má sjá að flest hegningarlaga brot á íbúa voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 419 á hverja 10 þúsund íbúa og þar á eftir voru Vestmannaeyjar með 303 brot á hverja 10 þúsund íbúa. Flest sérrefsilagabrot á íbúa voru á Suðurnesjum, eða 289 slík brot á hverja 10 þúsund íbúa og þar á eftir var lögreglan í Vestmannaeyjum með 222 brot. Þetta er í samræmi við fjölda brota á íbúa síðustu ár.


Aðferðir og gögn

- Gögnin voru tekin út 03.04.2019.
- Afbrotatölfræði 2019 nær yfir brot sem skráð voru í málaskrárkerfi lögreglunnar árið 2019. Embætti ríkislögreglustjóra tekur saman tölur um afbrot fyrir allt landið.
- Frá árinu 2015 eru lögregluembætti á landinu níu talsins.
- Eitt tilvik getur falið í sér fleira en eitt brot og brot er talið í því lögregluumdæmi sem það er tilkynnt í eða skráð.
- Ekki eru öll brot tilkynnt lögreglu, en sum eru líklegri til að vera tilkynnt en önnur. Til dæmis eru innbrot líklegri til að vera tilkynnt en kynferðisbrot, sjá skýrslu um reynslu landsmanna af afbrotum <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/>
- Brot á íbúa voru reiknuð út frá tölum Hagstofunnar um meðalmannfjölda. Fjöldi brota eftir landsvæðum miðað við íbúafjölda er ekki reiknaður fyrir embætti ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og embætti héraðssaksóknara. Brot skráð á þessi þrjú embætti eru hins vegar talin með í heildarfjölda brota á landinu öllu miðað við íbúafjölda.
- Árið 2005 hóf lögreglan notkun á núverandi skráningarkerfi og því þarf að gæta að samanburði á upplýsingum fyrir og eftir það ár. Breytingarnar fólu í sér að brot og verkefni voru skráð út frá brotaflokkum fyrir árið 2005 en eftir það voru brot skráð eftir lagagreinum.
- Margir koma að skráningu gagna og því er ekki víst að forsendur skráningar séu ávallt þær sömu þótt leiðbeiningar um skráningu liggi fyrir. Þá voru viss brot ekki fullrannsökuð þegar upplýsingar fyrir árið 2019 voru teknar saman.
- Í lok árs 2014 tóku gildi uppfærðar verklagsreglur um heimilisofbeldi sem hafði þau áhrif að fleiri líkamsárásir og brot gegn friðhelgi einkalífs voru skráð vegna aukinnar áherslu á málaflokkinn.
- Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ná yfir brot er varða líkamsmeiðingar, manndráp, kynferðisbrot, auðgunarbrot, eignaspjöll og nytjastuld. Einnig falla brot gegn friðhelgi einkalífs, skjalafalsbrot og brot gegn valdstjórninni undir almenn hegningarlög.
- Sérrefsilög taka til ákveðinna tegunda brota. Af þeim eru áfengis- og fíkniefnabrot helst til umfjöllunar í skýrslunni. Fíkniefnabrot falla undir lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og áfengislagabrot falla undir áfengislög, nr. 75/1998. Tvö ákvæði úr sérrefsilögum eru felld undir umfjöllun um brot gegn valdstjórninni þar sem þau fjalla um störf lögreglunnar. Þá eru stórfelld fíkniefnabrot (skv. 173a.1 gr. hegningarlaga nr. 19/1940) talin með fíkniefnabrotum frá árinu 2012.
- Umferðarlagabrot, nr. 50/1987, ná yfir brot er taka til ökumanna, ökutækja og gangandi vegfarenda. Stór hluti umferðarlagabrota eru hraðakstursbrot og þar eru sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar stórtækar og hafa því áhrif á fjöldatölur í þeim embættum sem hafa slíkar vélar.
- Sjá má lögregluembættin í viðauka 1.


Heildarfjöldi brota á Íslandi

Árið 2019 var heildarfjöldi brota **93.764** sem jafngildir um 257 brotum á dag. Fjöldi brota er nokkuð sambærilegur við síðustu ár.


- Meðalfjöldi brota árin 2016-2018 var 89.863 og var heildarfjöldi því 4% meiri 2019 en að meðaltali 2016-2018.
- Umferðarlagabrot voru 4% færri árið 2019 heldur en árið á undan en 3% fleiri en að meðaltali 2016-2018. 17% færri brot voru tekin á stafrænar hraðamyndavélar heldur en árið á undan.
- Hegningarlagabrot voru 12.497 og því 3% fleiri en árið á undan og 6% fleiri en að meðaltali 2016-2018.
- Sérrefsilagabrotum fjölgaði um 2% milli ára en fjölgar um 15% miðað við meðaltal 2016-2018.




Mynd 1. Heildarfjöldi brota eftir stærstu brotaflokkum frá 2008-2019 og aukning/fækkun hegningarlagabrota m.v. meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



Mynd 2. Fjöldi brota eftir brotaflokkum árið 2019, að meðaltali árin 2016-2018 og aukning/fækkun þar á milli.



Mynd 3. Þróun brota í völdum undirflokkum yfir 10 ára tímabil, árin 2010-2019.




Mynd 4. Fjöldi brota eftir brotaflokkum árið 2019, hlutfallsleg skipting brota milli embættanna níu.


**Stórfeld fíkniefnabrot meðtaln frá árinu 2012.

Fjöldi brota miðað við íbúafjölda


Íbúafjöldi er fenginn hjá Hagstofu Íslands og miðað er við meðalíbúafjölda árið 2019.



Mynd 5. Fjöldi hegningar- og sérrefsilagabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2008-2019.



Mynd 6. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árin 2016-2019 eftir brotaflokkum.



Mynd 7-8. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árið 2019 eftir embættum og yfirflokkum.

Tafla 1. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árin 2018-2019 eftir embættum.


Embætti	Umferðarlagabrot		Hegningarlagabrot		Sérrefsilagabrot	
	2018	2019	2018	2019	2018	2019
Austurland	2.979	2.851	100	111	56	94
Höfuðborgarsvæðið	1.991	1.773	426	419	182	171
Norðurl. eystra	1.232	1.422	175	177	144	142
Norðurl. vestra	10.417	9.814	87	71	61	99
Suðurland	1.609	2.078	176	206	113	131
Suðurnes	976	1.112	252	274	278	289
Vestfirðir	1.507	1.894	179	186	111	111
Vestmannaeyjar	687	746	275	303	249	222
Vesturland	6.678	5.577	140	148	85	98
Samtals	2.217	2.074	343	337	173	167

*Stórfelld fikniefnabrot meðtalin.

Magn fíkniefna

Tafla 2. Magn fíkniefna sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin 2011 til 2019.

Fíkniefni	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Hass (g)	1.827	594	680	1.329	9.353	6.097	24.337	11.793	23.519
Kannabisfræ (stk.)	5	21	32	73	0	0	7	0	0
Kannabisfræ (g)	0	0	0	0	2	0	0	3.740	0
Kannabisplöntur (stk.)	7.570	6.430	6.669	4.065	4.094	3.232	5.033	5.173	5.511
Kannabisplöntur (g)	12.685	32.093	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997	22.517	12.030
Marijúana (g)	29.834	20.728	32.871	63.571	52.049	43.874	34.070	73.368	45.175
Tóbaksblandað hass (g)	321	309	433	361	345	440	399	277	466
Kannabislauf (g)	47.114	26.846	47.241	21.440	49.036	30.008	39.062	35.022	54.961
Kannabisstönglar (g)	6.679	6.576	7.831	3.260	11.991	12.815	11.541	5.103	28.583
Amfetamín (g)	31.839	12.169	34.189	4.784	32.849	9.838	13.588	4.890	55.360
Amfetamín (stk.)	8	0	300	13	7	0	9	0	4
Amfetamín (ml)	1.588	0	2.110	41	0	16	14.408	1.788	9.463
Methamfetamín (g)	17	4	81	105	343	1.014	518	72	2.043
Kókaín (g)	3.888	5.273	2.535	1.736	9.738	8.035	26.924	18.634	40.618
Kókaín (ml)	0	0	0	0	0	0	4.400	0	0
E-töflur (g)	287	1.176	116	149	11.003	2.059	4.593	1.032	1.173
E-töflur (stk.)	78.099	2.100	14.824	1.454	213.660	2.258	2.699	8.428	1.454
Heróín (g)	0	0	1	0	0	0	9	28	0
LSD (stk.)	4.489	14	115	2761	741	427	1.021	2.967	381




Mynd 9. Fjöldi mála þar sem kókaín var haldlagt og meðalmagn í hverju máli, árin 2016-2019. Í einu máli geta verið skráð fleiri en eitt brot og fleiri en ein tegund efna haldlögð.

Heildarfjöldi brota á Íslandi 2018-2019

Tafla 3. Heildarfjöldi brota á Íslandi árin 2018 og 2019, allir helstu flokkar.

Brotaflokkar	2018	2019	Brotaflokkar	2018	2019
Manndráp (211. gr.)	2	1	Húsbrott	289	278
Mannsbani af gáleysi (215. gr.)	8	2	Brot gegn nálgunarbandi	31	45
Líkamsárás (217. gr.)	1.319	1.278	Ofsóknir	8	5
Líkamsárás, meiriháttar (218.1)	149	137	Hótanir	492	506
Líkamsárás, stórfelld (218.2)	122	97	Ærumeiðingar	41	31
Líkamsmeiðingar af gáleysi (219. gr.)	45	45	Brot gegn friðhelgi, ýmislegt	40	55
Líf eða heilsu stefnt í háska (220. gr.)	28	28	Brot gegn friðhelgi einkalífs samtals	901	920
Látið farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar (1. mgr. 221. gr.)	6	4	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-68	19
Tilraun til manndráps (211. gr. sbr. 20. gr.)	5	2	Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil (150-153. gr.)	19	34
Endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu eða velferð fjölskyldumeðlims (218b, 1. og 2.)	73	87	Fölsun - greiðslukort (155. gr.)	3	3
Ofbeldisbrot samtals	1.757	1.681	Fölsun - lyfseðlar (155. gr.)	4	2
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	86	-76	Fölsun - skjalafals og annað (155. gr.)	216	252
Blygðunarsemisbrot (209. gr.)	71	122	Skjal, misnotkun skjals (157. gr.)	85	90
Nauðgun (194.1-194.2 gr.)	263	215	Skjalafals, rangfærsla skjala til að blekkja með því í lögskiptum (158. gr.)	1	4
Klám (1.-4.mgr. 210 gr.)	27	8	Skjöl, röng notkun stimpils eða merkis (159. gr.)	42	26
Barnanið. Myndir, myndskreið eða annað efni (210a.-210b. gr.)		41	Rangfærsla sönnunargagna (162.-163. gr.)	3	1
Kynferðisbrot gegn börnum (200.-202. og 204. gr.)	107	86	Skjöl, önnur brot	0	0
Kynferðisleg áreitni (199. gr.)	40	71	Skjala- og Peningafals samtals	373	412
Vændi (1.-4.mgr. 206. gr.)	40	113	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	48	39
Annað (197.-198. gr.)	3	2	Ólöglegur tilbúningur áfengis (bruggun) (6. gr. 75/98)	6	4
Kynferðisbrot samtals	551	658	Ólögleg sala áfengis (10. gr. 75/98)/Ólöglegur flutningur, sala, eða framleiðsla áfengis (19. gr. 4 mgr. 75/98)**	15	12
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	75	107	Brot á reglum um áfengis-auglýsingar (20. gr. 75/98)	5	7
Þjófnaður	3.285	3.476	Ölvun á almannaferi (21. gr. 75/98)	778	587
Innbrot (244. gr.)	1.286	1.161	Áfengislög, ýmislegt	24	30
Fjársvik (248. gr.)	537	596	Brot gegn áfengislögum samtals	828	640
Hylming (254. gr.)	108	102	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	103	-188
Gripdeild (245. gr.)	55	67	Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106.-107. gr.)	104	97
Fjárdráttur (247. gr.)	65	81	Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni (106.-107. gr.)	62	60
Rán (252. gr.)	77	54	Opinber starfsmaður, ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)	14	23
Auðgunarbrot, annað	68	87	Hótun um ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)	14	25
Auðgunarbrot samtals	5.481	5.624	Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. 90/96)	296	265
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-225	143	Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu (21. gr. 90/96)	10	12
Varsla og meðferð fíkniefna (4. mgr. 2. gr. 65/74)	1.745	1.701	Innsigli, innsiglirof og skemmdir á opinberri auglýsingu (113. gr.)	2	2
Flutningur fíkniefna milli landa (4. mgr. 2. gr. 65/74)	225	149	Mútur (109. gr.)	1	1
Sala og dreifing fíkniefna (4. mgr. 3. gr. 65/74)	157	239	Fangar, aðstoð við fanga eða brotamann til að losna úr haldi (111. gr.)	1	1
Framleiðsla fíkniefna (4. gr. 65/74)	101	86	Fangar sammælast um stök úr fangelsi (110. gr.)	1	1
Ýmis fíkniefnabrot	12	22	Ofbeldi, nauðung eða hótun skv. 233 gr. vegna skýrslugjafar þolanda hjá lögreglu eða fyrir dómi (108. gr.)	1	2
Fíkniefnabrot samtals*	2.240	2.196	Aðili tekur að sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefur (116. gr.)	4	6
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	55	-80	Einkennisföt eða merki sem áskilið er stjórnvöldum notað vísvitandi eða af gáleysi (117. gr.)	4	3
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr. 50/87)	535	829	Opinber starfsmaður, önnur tálmun á starfi opinbers starfsmanns (106.-107. gr.) og annað	11	12
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna (45. gr. 50/87)	2.498	2.657	Brot gegn valdstjórninni - ýmislegt	2	2
Of hraður akstur. Hraðamæling - tilgreindur hraði (37. gr. 50/87)	61.282	56.834	Brot gegn valdstjórninni samtals	527	512
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr. 50/87)	303	67	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	86	-15
Ölvun við akstur (45. gr. 50/87)	1.702	1.659	Nýttastuldur vélknúinna farartækja	402	425
Önnur umferðarlagabrot	11.866	12.736	Nýttastuldur - Annað	5	12
Umferðarlagabrot samtals	78.186	74.782	Nýttastuldur samtals	407	437
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	8.312	-3.404	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	6	30
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	1.842	1.750			
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	58	64			

Viðauki I: Umdæmi lögreglustjóra



Mynd v1. Lögregluembætti landsins árið 2019.

Umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum.

